

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 13. júní, kl. 9:00 var haldinn 1778. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Jaejamipana ehf., kt. 580124-1190, dags. 6. febrúar 2024, um starfsleyfi fyrir ostagerð (Jaejamipana) í matarsmiðju Matís, að Vínlandsleið 12. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn 915 ehf., kt. 451023-0390, dags. 28. maí 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Oche) að Kringlunni 4-12, F2261692, rými 030101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Oche) með leikjaaðstöðu og karókiherbergi, að Kringlunni 4-12, F2261692, rými 030101 til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Götubitans ehf., kt. 470519-3710, dags. 28. maí 2024, um starfsleyfi fyrir matarmarkað (Götubitinn/Reykjavík Street Food) í Hljómskálagarðinum. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi fyrir matarmarkað (Götubitinn/Reykjavík Street Food) í Hljómskálagarðinum til 18. júní 2028 með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir færanlega matvælastarfsemi ásamt Sértekum skilyrðum fyrir matarmarkað í Hljómskálagarðinum*.
- Lögð fram umsókn Mój Market ehf., kt. 640622-0670, dags. 4. júní 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli og sölu á brauði í sjálfsafgreiðslu (Mój Market) að Álfabakka 14a, F2046814, rými 030101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi. Hverafold bakarí sér um þrif á ílátum og áhöldum fyrir sjálfsafgreiðslu á brauði.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 31. maí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 30. maí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn 915 ehf., kt.451023-0390, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Oche) að Kringlunni 4-12, F2261692, rými 030101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 15. mars 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Dragon Dim Sum ehf., kt.620515-1080, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Dragon Dim Sum) að Geirsgötu 9, F2000235, rými 010101.
Samþykkt að veita neikvæða umsögn. Staðurinn hefur hætt rekstri. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.

7. Lögð fram umsókn Noel Partnere ehf, kt. 530993-2489, dags. 31. maí 2024, um skráningu á niðurrif á asbestþaki á húsnæði við Drápuhlíð 23, F2030260 -F2030262. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um starfsemina gilda *almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest.*
8. Lögð fram umsókn LM 2024 - mótahald ehf., kt. 680723-0790, dags. 19. mars 2024, um starfsleyfi fyrir útihátíð (Landsmót hestamanna) að Brekknaás 5, F2053772, rými 01 0101 og á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal. Tímabundið leyfi.
Samþykkt að veita starfsleyfi frá 1. júlí - 8. júlí með *Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir útihátíðina Landsmót Hestamanna (LM2024-mótahald ehf.) í Víðidal 1. - 8. júlí 2024 og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir útihátíðir*
9. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, Skóla- og frístundasviðs, kt. 530269-7609, dags. 29. maí 2024, um starfsleyfi fyrir grunnskóla (Hólabrekkuskóli - Korpa) með mötuneyti að Bakkastöðum 2, 112 Reykjavík, F2274179. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla og Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir íþróttá- og líkamsræktarstöðvar.*
10. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar kt. 570480-0149, dags. 8. maí 2024, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi til enduvinnslu, þ.e. móttöku á grasi frá slætti á borgarlandi á losunarstað á Hólmsheiði. Endurnýjun starfsleyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 30. september 2026 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.*

Fundi slitið kl. 10:15

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson